

### Inngangur

Í rúmlega 50 ára sögu sinni hefur Lánasjóður sveitarfélaga leikið mikilvægt hlutverk við að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum. Lánasjóðurinn er fjármálafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og hefur einungis heimild til lánveitinga til íslenskra sveitarfélaga. Í samræmi við núgildandi lög er Lánasjóðurinn eina félagið sem sveitafélög hafa heimild til að veita veð í tekjum sínum. Lánasjóðurinn hefur aldrei þurft að afskrifa lán og hefur hæstu mögulegu lánshæfiseinkunn á heimamarkaði. Sterk fjárhagsstaða og lágur rekstrarkostnaður hafa gert Lánasjóðnum kleift að uppfylla markmið sitt um að bjóða hagstæð lánskjör. Öll lán eru veitt til ákveðinna verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, t.d. til uppbyggingar skóla og húsnæðis fyrir eldri borgara, félagsþjónustu, viðhalds gatna og annarra innviða. Með því að halda fjármagnskostnaði í lágmarki hjá sveitarfélögum hefur Lánasjóðurinn lagt sitt af mörkum til almennrar velferðar á Íslandi.

Lánasjóðurinn er vel í stakk búinn til að hafa frekari jákvæð áhrif á samfélagið með því að veita lánsfé til verkefna sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið og sporna við loftslagsbreytingum. Þetta verkefni fellur undir langtíma markmið Lánasjóðsins og hefst með kynningu á umgjörð fyrir útgáfu grænna skuldabréfa, en tilgangur skuldabréfaútgáfunnar er að fjármagna ofangreind verkefni. Öll sveitarfélög á Íslandi geta tekið þátt með því að hrinda umhverfisbætandi verkefnum í framkvæmd með grænu lánsfé frá Lánasjóðnum.

### Umhverfisstefna Lánasjóðs sveitarfélaga

Umhverfisstefnan kveður á um að Lánasjóðurinn dragi úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og leggi samtímis sitt af mörkum til samfélagsins og hagkerfisins. Lánasjóðurinn hefur um áratugabil stuðlað að lægri fjármagnskostnaði sveitarfélaga til hagsbóta fyrir almenning. Fjármögnun skóla, félagslegs húsnæðis, hjúkrunarheimila, sorpvinnslustöðva og vatnsaflsvirkjana eru dæmi um framkvæmdir þar sem hagkvæm fjármögnun Lánasjóðsins hefur leikið lykil hlutverk.

Tilgangur grænnar lánveitingar er að hvetja sveitarfélög til að leggja áherslu á umhverfisvæn verkefni og sporna gegn loftslagsbreytingum. Lánasjóðurinn mun hvetja sveitarfélög til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að ráðast í framkvæmdir sem milda loftslagsbreytingar og hafa jákvæð umhverfisáhrif.

Vinna Lánasjóðsins í þágu umhverfisins mun fyrst og fremst fara fram á sviði sveitarfélaga þar sem verkefni sem uppfylla ákveðnar kröfur verða fjármögnuð með grænum skuldabréfum. Efnt verður til samstarfs við sveitarfélög og upplýst um jákvæð umhverfisáhrif verkefna sem fjármögnuð eru með grænum skuldabréfum ár hvert. Stjórn og starfsfólk Lánasjóðsins skuldbindur sig til að vinna að þessu markmiði. Einnig mun Lánasjóðurinn líta til eigin starfsemi og grípa til aðgerða í meðferð á úrgangi, í tengslum við vinnuferðir stjórnenda og starfsfólks og fleira.

Það er markmið Lánasjóðs sveitarfélaga að vera leiðandi í umhverfismálum og hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og ákvarðanatöku.

Umhverfisstefnan er birt á vef Lánasjóðsins, [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

### Lánshæf verkefni

Lánshæf verkefni þurfa að uppfylla skilyrði sem byggja á alþjóðlegum viðmiðum (e. Green Bond Principles) International Capital Market Association (ICMA) og skýrslu um græn skuldabréf sem gefin er út af Nordic Public Sector Issuers (NPSI).

Verkefni þurfa að samræmast langtíma stefnu sveitarfélags í umhverfis- og loftslagsmálum og skulu vera hluti af skipulagðri vinnu á sviði umhverfismála innan sveitarfélagsins. Verkefni skulu hafa mælanleg umhverfisáhrif sem lágmarka skaðsemi á umhverfið og/eða vera verkefni sem eru aðlögunarhæf (e.

adaptation potentials). Verkefnin skulu vera á vegferð sveitarfélaganna, fyrirtækja þeirra og stofnanna, til lággkolefnishagkerfis og hreinnar tækni. Verkefnaflokkarnir eru skilgreindir í töflunni hér að neðan:

	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Dæmi um verkefni	Neikvæð skimun
Framleiðsla og dreifing endurnýjanlegrar orku	7, 11, 12, 13	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vind-, öldu-, sólar-, vatnsafls-, jarðhita- og líforka og hauggas frá gömlum sorpurðunarstöðum eða nýjum orkuverum.</li> <li>Umbreyting frá jarðefnaeldsneyti til endurnýjanlegrar orku</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vantsafl &gt;25MW</li> <li>Jarðvarmi CO2 &gt;100 gr/kWh netto</li> <li>Nýir urðunarstaðir</li> </ul>
Vistvænar byggingar	7, 12, 13	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýjar eða endurbættar byggingar skulu að lágmarki hafa: <ul style="list-style-type: none"> <li>BREEAM einkunnina „Mjög gott“ eða betri,</li> <li>norræna Svansmerkið</li> <li>eða aðra sambærilega vottun.</li> </ul> </li> <li>Slík vottun skal taka til eftirfarandi þátta: <ul style="list-style-type: none"> <li>Úttekt á umhverfisáhrifum og viðnámi á hönnunarstigi</li> <li>Rafmagn og upphitun byggja alfarið (100%) á endurnýjanlegum orkugjöfum</li> <li>Lausnir fyrir bíllausan lífsstíl og rafmagnshleðslustöðva sem byggja alfarið (100%) á endurnýjanlegum orkugjöfum</li> </ul> </li> </ul>	
Orkunýtni	7, 9, 13	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tækni sem miðar að því að draga úr orkunotkun, t.d. LED ljós sett upp í stað hefðbundinna götuljósá</li> <li>Aðgerðir til að bæta orkunýtni orkukerfa, t.d. upphitun, dreifikerfi rafmagns/snjallorkunet,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dreifikerfi rafmagns/snjallorkunet fyrir jarðefnaeldsneyti.</li> </ul>

		<p>orkuheimta og orkugeymslukerfi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aðgerðir til að bæta orkunýtni í starfsemi sveitarfélaga sem leiða til að lágmarki 25% lægri orkunotkunar</li> </ul>	
Meðferð á úrgangi	7, 9, 11, 12, 13	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tækjabúnaður til að bæta úrgangsmeðhöndlun</li> <li>• Framleiðsla á endurnýjanlegri orku (s.s. rafmangi frá vatnsafli, jarðvarma eða vetni) eða óhefðbundnu eldsneyti svo sem hauggasi frá urðunarstöðum til að knýja sorphirðutæki.</li> <li>• Aukin söfnun hauggass frá urðunarstöðum til framleiðslu á þjöppuðu jarðgasi til að knýja einkabíla og almenningsamgöngutæki</li> <li>• Draga úr magni og skaðlegu áhrifum úrgangs, auka endurnotkun og endurheimt efna og orku.</li> </ul>	•
Umhverfisvænar samgöngur	7, 11, 13	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bæta almenningsamgöngur</li> <li>• Innviðir fyrir bætтар almenningsamgöngur</li> <li>• Innviðir fyrir hjólréiðar og gangandi vegfarendur</li> <li>• Innviðir fyrir rafknúin ökutæki og hleðslustöðvar</li> <li>• Innviðir fyrir hleðslustöðvar fyrir rafhjól</li> <li>• Innviðir fyrir notkun endurnýjanlegrar orku á hafnarsvæðum</li> <li>• Umskipti yfir í endurnýjanlega orku í almenningsamgöngum</li> <li>• Flutningslausnir sem milda umhverfisáhrif af fólks- og vöruflutningum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innviðir fyrir samgöngukerfi sem framleiða ekki meira en 50g CO<sub>2</sub>/km/farþega.</li> </ul>

Vatn og skólptjórnun	6, 12, 14	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innviðir fyrir vatnskerfi, skólptjórnun og skólphreinsistöðvar</li> <li>Blágrænar / sjálfbærar yfirborðsvatnslausnir</li> </ul>	
----------------------	-----------	--	--

### Val á lánshæfum verkefnum

Stjórnendur Lánasjóðsins ákvarða hvort verkefni uppfylli skilyrði sem samþykkt hafa verið af stjórn Lánasjóðsins og verða verkefnin að hafa mælanleg jákvæð umhverfisáhrif.

Val á lánshæfum verkefnum sem fjármögnuð verða með grænum skuldabréfum fylgir eftirfarandi ferli:

- 1) Sveitarfélag sækir um fjármögnun verkefnis sem uppfyllir skilyrði umgjarðar þessar fyrir græn skuldabréf. Sérfræðingar í umhverfismálum á vegum sveitarfélagsins eru fengnir til að meta áætluð jákvæð umhverfisáhrif við framkvæmdina. Sveitarfélagið skilar þeim upplýsingum inn með umsókninni.
- 2) Matið hefur þann tilgang að staðfesta og mæla jákvæð umhverfisáhrif verkefnisins sem sótt er um fjármagn fyrir. Hrein langtíma umhverfisáhrif af verkefni skulu vera jákvæð. Niðurstöður matsins eru notaðar í árlegri framvinduskýrslu til fjárfesta sem lánasjóðurinn gefur út.
- 3) Lánastjóri og framkvæmdastjóri staðfesta að upplýsingar frá viðkomandi sveitarfélagi séu fullnægjandi.
- 4) Lánastjóri og framkvæmdastjóri samþykkja sameiginlega hvaða verkefni skuli fjármögnuð með útgáfu á grænum skuldabréfum. Aðgengi að sérfræðingi í umhverfismálum er til staðar við mat á því hvort verkefni uppfylli þau skilyrði til að vera lánshæf m.t.t. grænna lánveitinga lánasjóðsins.
- 5) Öll lánshæf verkefni eru kynnt fyrir stjórn Lánasjóðsins mánaðarlega.

Lánastjóri Lánasjóðsins heldur sérstaka skrá yfir fjármögnuð verkefni og tengd umhverfisáhrif.

### Umsjón með ráðstöfun söluandvirðis

Fjárstýring Lánasjóðsins hefur umsjón með ráðstöfun söluandvirðis af grænum skuldabréfum í samræmi við innri verklagsreglur sem lúta eftirliti innri endurskoðunar.

Innri verklagsreglur kveða á um að Lánasjóðurinn ráðstafi söluandvirði grænna skuldabréfa inn á sérstakan reikning og haldi þeim fjármunum aðgreindum frá öðrum fjármunum sjóðsins. Lánasjóðurinn gefur einungis út græn skuldabréf þegar upphæð lánshæfra verkefna skv. umgjörðinni hefur náð ákveðnu marki. Söluandvirði skuldabréfanna er fjárfest til skamms tíma í ríkisskuldabréfum eða öðrum áhættulitlum peningamarkaðsgerningum þar til lán eru greidd út.

Lánasjóðurinn upplýsir um úthlutun til lánshæfra verkefna í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa. Innri endurskoðandi Lánasjóðsins fer yfir úthlutun fjármuna sem aflað er með útgáfu grænna skuldabréfa og birtir niðurstöður sínar einnig í framvinduskýrslu grænna skuldabréfa.

Lántakar upplýsa sjálfir um umhverfisáhrif fjármagnaðra verkefna og framkvæma sjálfstætt mat á áhrifum verkefna með aðstoð innri og/eða ytri sérfræðinga í umhverfismálum. Lánasjóðurinn safnar þessum upplýsingum saman og birtir.

## Gagnsæi og skýrslugjöf

Lánasjóðurinn mun gefa út framvinduskýrslu grænna skuldabréfa samhliða ársreikningi þar sem fjárfestar fá viðeigandi upplýsingar, m.a. yfirlit yfir fjármögnuð græn verkefni og jákvæð umhverfisáhrif þeirra. Framvinduskýrslan verður gefin út árlega. Skýrslan mun m.a. innihalda:

- Lista yfir öll láns hæf verkefni, þ.m.t. lánsupphæð, stutta verkefnislýsingu og áætluð umhverfisáhrif.
- Heildarfjármögnun láns hæfra verkefna.
- Fjármagn sem ekki hefur verið úthlutað.
- Upplýsingar um CO<sub>2</sub>-útsreymi sem komið var í veg fyrir, orkunýtingu og/eða aðra viðeigandi mælikvarða.
- Heildar umhverfisáhrif fjármagnaðra verkefna.
- Yfirlit yfir þróun grænna skuldabréfa Lánasjóðsins.

Framvinduskýrslan mun byggja á viðeigandi aðferðum sem lýst er í Stefnuskra (Position Paper on Green Bonds Impact) um græn skuldabréf sem gefin er út af Nordic Public Sector Issuers (NPSI). Eftirlit er haft með verkefnum sem fjármögnuð eru með grænu lánsfé yfir líftíma lánsins til að sannreyna samkvæmni við umgjörð um útgáfu grænna skuldabréfa. Mælanlegir umhverfisvísar eru bornir saman við yfirlýsta aðferðafræði.

Yfirlit yfir umhverfistengda aðferðafræði er birt í skýrslunni til að veita fjárfestum innsýn í vænt umhverfisáhrif verkefna sem lánað hefur verið til en þar sem framkvæmd er ekki hafin. Einnig er upplýst um umhverfisáhrif og jákvæð áhrif verkefna sem fjármögnuð voru með fyrri lánveitingum.

Framvinduskýrsla grænna skuldabréfa verður birt á heimasíðu Lánasjóðsins, öðrum viðeigandi miðlum og á vettvangi fjárfesta.

## Ytri staðfesting

Lánasjóðurinn hefur hlotið vottun frá Sustainalytics og eru niðurstöðurnar á þann veg að umgjörð um útgáfu grænna skuldabréfa samræmist alþjóðlegum viðmiðum ICMA, sem birt eru á heimasíðu Lánasjóðsins.

Innri endurskoðandi Lánasjóðsins fer yfir söluandvirði af útgáfu grænna skuldabréfa og birtir niðurstöður sínar í framvinduskýrslunni.

Ytri endurskoðandi Lánasjóðsins fer yfir og staðfestir að fjármunum sem aflað er með útgáfu grænna skuldabréfa sé beint til viðeigandi verkefna.

Sveitarfélög bera ábyrgð á að meta umhverfisáhrif verkefna með aðstoð ytri sérfræðinga í umhverfismálum og skulu niðurstöður birtar í árlegri framvinduskýrslu Lánasjóðsins.

## Um Lánasjóðinn

Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður árið 1967. Þann 1. Janúar 2007 var Lánasjóður sveitarfélaga gerður að opinberu hlutafélagi. Heildarnafnverð hlutafjár er 5.000.000.000 kr. Hlutir í félaginu geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þeirra. Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn, með 17.5% eignarhlut. Þann 31. desember 2018 voru hluthafar Lánasjóðsins alls 72, sem er fjöldi sveitarfélaga í landinu.

Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem

hafa almenna efnahagslega þýðingu. Lánasjóðnum er einungis heimilt að lána fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um að sveitarfélag megi setja tekjur sínar að veði fyrir lánum og tryggingum Lánasjóðsins, en engu öðru lánsfé. Það er stefna Lánasjóðsins að taka veð í slíkum tekjum sveitarfélags við lánveitingar. Tekjur frá ríkissjóði og Jöfnunarsjóði standa til tryggingar Lánasjóðnum. Í allri starfssögu sinni allt frá árinu 1967 hefur Lánasjóðurinn aldrei þurft að afskrifa lán.

[Ef misræmi er milli íslenskrar þýðingar á umgjörðinni og ensku umgjörðinni þá gildir [enska umgjörðin](#)]